

Sæll Hinrik.

Ég sendi hér bókun frá síðasta fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem haldinn var 16. febrúar sl. Formlegt bréf er á leiðinni í pósti.

**Bókunin:**  
**2016090018 - Byggðakvóti fiskveiðiárið 2016/2017**

Tillaga 963. fundar bæjarráðs, 13. febrúar 2017, um að sérreglur um byggðakvóta í Ísafjarðarbæ fiskveiðiárið 2016/2017 verði samþykktar að nýju þannig að skýrt komi fram að aðeins verði gerð breyting frá fyrra ári á 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Breytingin sé sú að fyrst skuli úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistónni á bát, 40% af því sem eftir stendur skuli skipta jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, sem landað var innan byggðalagsins á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

Til máls tóku: Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti.

Forseti leggur fram eftirfarandi breytingartillögum:

"Sérreglur verði óbreyttar frá því sem var fiskveiðiárið 2015/2017 utan þess að nú skal 40% skipt jafnt milli skipa í stað 30% áður. Reglurnar verða því svohljóðandi:

„Ákvæði reglugerðar nr. 641 frá 8. júlí 2016 gilda um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðar, Hnifsdals, Þingeyrar, Flateyrar og Suðureyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði a-liðar 1. gr. breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

b) Ákvæði c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2016.

c) Ákvæði 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess afla-marks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr a-lið, 1 þorskígildistónni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiárinu 2015/2016, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

d) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla, sem telja á til byggðakvóta Ísafjarðar til vinnslu innan sveitarfélagsins, á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.””

Forseti ber breytingartillöguna upp til atkvæða.

Breytingartillagan samþykkt 9-0.

Hjördís Þráinsdóttir

Skjalastjóri Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsini, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8018, Fax: 450 8008, Netfang: [hjordis@isafjordur.is](mailto:hjordis@isafjordur.is) - Vefur: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnifsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



**SILFURVOTTUN 2016**

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa hlutið  
sílfur vottun frá umhverfisvöllunar-  
samtökunum EARTHCHECK

The Westfjords - one of Iceland's most spectacular regions - Lonely Planet